

21/2017

**Fyrri skjalsnúmer** A 1668/medborger  
**Afgreiðsla** Norræna velferðarnefndin  
**Fylgiskjal** Nefndarálit um þingmannatillögu um borgararéttindi á Norðurlöndum (A 1668/medborger)

**Innleiðing á rafrænu auðkennakerfi á Norðurlöndum**

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 1. nóvember 2017 eftirfarandi tilmæli að tillögu norrænu velferðarnefndarinnar.

Norræna velferðarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að innleiða gagnkvæma viðurkenningu á rafrænum auðkennum á Norðurlöndum;

að tryggja að þjóðskráryfirvöld í norrænu löndunum viðurkenni skilríki íbúa frá hinum norrænu löndunum;

að tryggja að rafræn auðkenni og rafrænar undirskriftir séu þekktar og viðurkenndar þvert á landamæri svo íbúar Norðurlanda verði hluti af rafrænni menningu þar sem samhæfð kerfi ná til allra sviða samfélagsins og geri sérhverjum íbúa kleift að lifa og starfa í hvaða norræna landi sem er án þess að það kosti sérstaka fyrirhöfn að gera grein fyrir sér.

Kaupmannahöfn, 6. nóvember 2017

*Britt Lundberg*

Forseti Norðurlandaráðs

*Britt Bohlin*

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs